

# Þemahefti um námsmat í leikskólum

---



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Þemahefti um námsmat í leikskólum

Desember 2013

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólgötu 4

150 Reykjavík

Sími: 545 9500

Bréfasími: 562 3068

Netfang: [postur@mrn.is](mailto:postur@mrn.is)

Veffang: [menntamalaraduneyti.is](http://menntamalaraduneyti.is)

ISBN 978-9935-436-21-4

# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>4</b>
<b>1. SAMFELLA Í NÁMI BARNA</b> .....	<b>5</b>
<b>2. LÆRDÓMSSAMFÉLAG Í LEIKSKÓLUM</b> .....	<b>7</b>
<b>3. NÁM OG VELFERÐ BARNA</b> .....	<b>7</b>
3.1. MAT Á NÁMI BARNA FYRR OG NÚ .....	8
3.2. HUGMYNDAFRÆÐILEGUR GRUNNUR .....	9
3.3. SAMSPIL NÁMS BARNA, UMHVERFIS OG KENNSLU .....	10
3.4. HÆFNI, ÆKING, LEIKNI OG SIÐFERÐILEG VIÐHORF .....	11
<b>4. MAT Á NÁMI BARNA</b> .....	<b>13</b>
4.2. ATRÍÐI SEM HUGA ÞARF AÐ VIÐ MAT Á NÁMI BARNA .....	15
<b>5. AÐFERÐIR VIÐ NÁMSMAT</b> .....	<b>17</b>
5.1. NÁMS- OG FERILMÖPPUR .....	18
5.2. NÁMSSÖGUR .....	21
5.3. UPPELDISFRÆÐILEG SKRÁNING.....	23
5.4. EINSTAKLINGSNÁMSKRÁ.....	24
5.5. ÖNNUR MATSTÆKI.....	25
<b>6. HEIMILDIR</b> .....	<b>26</b>
<b>7. ÍTAREFNI</b> .....	<b>28</b>
<b>8. VIÐAUKAR</b> .....	<b>28</b>
VIÐAUKI 1 – DÆMI UM INNIHALD NÁMS- OG FERILMÖPPU.....	28
VIÐAUKI 2 – DÆMI UM NÁMSSÖGUSKRÁNINGU (ÁN MYNDA).....	30
VIÐAUKI 3 – DÆMI UM UPPELDISFRÆÐILEGA SKRÁNINGU (ÁN MYNDA) .....	32
VIÐAUKI 4 – DÆMI UM EINSTAKLINGSNÁMSKRÁ .....	33
VIÐAUKI 5 – DÆMI UM FJÖLBREYTTAR SKRÁNINGARAÐFERÐIR .....	34
VIÐAUKI 6 – DÆMI UM INNIHALD UPPLÝSINGA TIL GRUNNSKÓLA.....	35

## Inngangur

Mat á námi og velferð barna er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi. Í aðalnámskrá leikskóla 2011 var sú stefna mörkuð að námsmat eigi að taka mið af áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fékk Önnu Magneu Hreinsdóttur leikskólafulltrúa í Garðabæ til taka saman þemahefti um námsmat í leikskólum, sem ætlað er að styðja kennara og starfsfólk leikskóla við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár um mat á námi barna.

Rétt er að undirstrika að samkvæmt aðalnámskrá leikskóla er leikur ein helsta námsleið barna og fléttast grunnþættir menntunar og námssvið leikskólans inn í leik þegar starfsfólk tengir á markvissan hátt markmiðin við leik barnanna. Umhverfið er jafnframt mikilvægur áhrifaþáttur í námi barna sem hafa ber í huga þegar nám þeirra og velferð er metin.

Fjallað er um hugmyndafræði námsmats og tengsl þess við skipulag námsumhverfis og stuðning leikskólakennara við leik og nám barnanna. Gerð er grein fyrir hvernig ólíkar námshneigðir barna byggja á þekkingarleit þeirra, leikni og siðferðislegum viðhorfum. Einnig er gerð grein fyrir markmiðum leikskólastarfs og hvernig þau tengjast lykilhæfni og hæfniviðmiðum aðalnámskrá leikskóla. Gefin eru dæmi um fjölbreyttar aðferðir í mati án fyrirfram gefna hugmynda og viðmiða og rætt um einstaklingsnámskrár, próf og önnur mælitæki. Rætt er um upplýsingar sem fylgja börnum úr leikskóla í grunnskóla sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir endurtekningu í námi. Að lokum er minnt á mikilvægi þess að í leikskólum skapist menning lærdómssamfélags þar sem kennarar og annað starfsfólk lærir með börnum og fjölskyldum þeirra. Því ætti efni þetta að nýtast sem grunnur í samræðum kennara um nám, kennslu og námsmat og við þróunarvinnu leikskóla í að efla einstaklingsmiðað mat.

# 1. SAMFELLA Í NÁMI BARNA

Í aðalnámskrá er hæfnipáttum lýst sem stefnt er að við lok leikskóla. Þættirnir eru byggðir á grunnþáttum menntunar og ákvæðum í leikskólalögum.<sup>1</sup> Í kafla námskrárinnar um námssviðin<sup>2</sup> og um mat á námi og velferð barna<sup>3</sup> eru hæfniviðmið lögð til grundvallar mati á námi barnanna. Það mat kemur fram t.d. í ferilmöppu barnsins. Leikskólakennarar og annað starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á að börn nái þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram á námssviðum leikskólans en þau eru:

## 1.1.1. Læsi og samskipti

Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- leysa úr ágreiningi við jafningja á friðsamlegan hátt,
- vinna úr reynslu sinni í leik og skapandi starfi,
- tjá sig með fjölbreyttum hætti (líkamlega, munnlega og í skapandi starfi),
- leita eftir merkingu orða og orðasambanda, ríma og átta sig á hljóðum stafa,
- njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri,
- ræða málefni og hlusta á aðra,
- nálgast upplýsingar með ólíkum leiðum og móta sér hugmyndir um þær,
- velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

## 1.1.2. Heilbrigði og vellíðan

Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- sýna umhyggju,
- sjá um persónulega umhirðu,
- þekkja holla næringu,
- stunda fjölbreytta hreyfingu,
- stunda ögrandi og krefjandi útivist,
- stunda slökun og hvíld,
- sýna tilfinningalegt jafnvægi,
- eiga jákvæð samskipti,
- njóta félagslegra tengsla.

## 1.1.3. Sjálfbærni og vísindi

Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- velta vöngum yfir umgengni sinni og bera virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi,
- átta sig á því hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun,
- skilja hringrásir og ýmis fyrirbæri í náttúrunni,
- átta sig á margvíslegum auðlindum náttúrunnar,
- velta vöngum yfir nýtingu náttúrunnar,

<sup>1</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008.

<sup>2</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011:41.

<sup>3</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011:45.

- vinna með upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga,
- vinna með stærðfræðileg viðfangsefni, s.s. tölur, tákni og mynstur,
- vinna með lífverur í umhverfinu og lífshætti þeirra,
- vinna með eðli ýmissa krafta og birtingarmyndir þeirra í umhverfinu,
- skoða eiginleika ýmissa efna og hluta,
- velta vöngum yfir möguleikum og takmörkunum tækninnar,
- átta sig á rými, fjarlægðum og áttum.

#### **1.1.4. Sköpun og menning**

Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- njóta þess að taka þátt í skapandi ferli,
- finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti,
- kanna og vinna með margvíslegan efnivið,
- nýta fjölbreytta tækni,
- njóta bókmennta, þula, söngs og ævintýra,
- læra texta og taka þátt í söng,
- skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu,
- njóta fjölbreyttrar menningar og lista,
- taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu,
- kynnast og vinna með listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista.

Við lok leikskóla liggja fyrir ýmsar upplýsingar um börnin. Til að tryggja að byggt sé á fyrra námi og reynslu leikskólabarna þegar þau koma í grunnskólann, og aðlögun þeirra verði eins og best verður á kosið, er gert ráð fyrir að tiltekna upplýsingar um hvert barn fylgi þeim í grunnskólann.<sup>4</sup> Upplýsingarnar geta t.d. verið í formi ferilmöppu með lýsingu á námshneigð hvers einstaks barns, styrkleika og áhugasviði þess, sem börnin hafa sjálf tekið þátt í að móta. Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiganna og miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra. Þeir eiga jafnframt rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja barninu úr leikskólanum í grunnskólann og gefast kostur á að bregðast við þeim. Leitast skal við að börnin fái einnig tækifæri til að láta í ljós sjónarmið sín um þau gögn og upplýsingar sem fylgja þeim milli skólastiga. Leikskólakennarar bera ábyrgð á því að koma upplýsingum um börnin til grunnskólakennara þess skóla sem barnið fer í.

Dæmi um gerð og innihald ferilmöppu með upplýsingum til grunnskóla er í viðauka, en það skal undirstrikað að í skólanámskrá hvers leikskóla skal tilgreina hvaða upplýsingar skulu fylgja barni í grunnskóla og að gera þarf grein fyrir fyrirkomulagi tengsla milli skólastiga.<sup>5</sup>

<sup>4</sup>Gerður Óskarsdóttir, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2007; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011: 51, 2011a:73; Reglugerð nr. 896/2009.

<sup>5</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011: 51, 2011a:73; Reglugerð nr. 896/2009

## 2. LÆRDÓMSSAMFÉLAG Í LEIKSKÓLUM

Eitt áhugaverðasta verkefni leikskólakennara og annars starfsfólks leikskóla er að skoða, ræða og ígrunda samband barna við umhverfi sitt í námi sínu og þekkingarleit. Verkefni starfsmannahópsins er að fylgjast með og taka þátt í námi barnanna í samþættu starfi. Það er hornsteinn lifandi lærdómssamfélags í leikskólum. Sameiginleg þekkingarleit starfsfólks, barna og fjölskyldu þeirra felst í því að uppgötva tengsl eigin hugmynda við hugmyndir annarra og sjá þær þróast og taka á sig nýja mynd, því nám er í eðli sínu félagslegt.<sup>6</sup> Þekking skapast í samspili barna og fullorðinna, umhverfis og leikefnis. Mat á þeirri þekkingu felst í reynslunni sem barnið og/eða barnahópurinn fær og leikskólinn sem heild einnig. Því er nám barna ekki metið með samanburði við önnur börn/barnahópa eða aðra leikskóla, heldur í tengslum við þau sjálf.<sup>7</sup> Lærdómurinn felst í því sem á sér stað milli barna, milli barna og fullorðinna, milli barna, leikefnis og umhverfis. Af lærdómnum má þróa og endurskipuleggja starf leikskólans. Þá er einnig hægt að þróa leikefni og annað starf skólans. Verkefni starfsmannahópsins er ekki að stíga til hliðar og athuga nám barnanna, heldur fremur að taka virkan þátt í námi þeirra. Starfsfólkið á að ræða við barnið, spyrja spurninga, styðja við og leika með barninu. Það á að taka virkan þátt í viðfangsefni barnanna og læra með börnunum. Einnig að sjá til þess að umhverfi barnanna sé hvetjandi, hafa efnivið og annað leikefni aðgengilegt, sjá til þess að viðhalda áhuga barnanna og að leikurinn hafi möguleika á að þróast með nýjum hugmyndum sem vakna hjá börnunum. Hugmyndir barnanna og nám á það til að taka á sig óvæntar myndir sem er bæði spennandi og áhugavert. Þar kemur skráning á leikferlinu og náminu að góðu gagni.

## 3. NÁM OG VELFERÐ BARNNA

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans og fela í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna.

Markmið mats er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska barna, námi og líðan. Matið á einnig að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla og að réttindi barna séu virt.

Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli þess skal veita þeim námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í skólastarfinu.

Sérfræðipjónusta sveitarfélaga í leikskólum skal stuðla að jafnrétti til náms og vellíðan allra barna. Sérfræðipjónustan veitir ráðgjöf og fræðslu vegna barna ef foreldrar og/eða starfsfólk leikskóla telja þess þurfa til að geta veitt börnunum sem besta menntun, uppeldi og umönnun og umhverfi við hæfi.

<sup>6</sup> Hargreaves, 1994; Malaguzzi, 1993a, 1993b; Rinaldi, 2005, 2006; Vygotsky, 1978.

<sup>7</sup> Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009, 2012; Clark, 2010; Dahlberg, Moss og Pence, 2007; Edwards, Gandini og Forman, 1993; Lenz Taguchi, 2010; Malaguzzi, 1993a, 1993b; Rinaldi, 2005, 2006.

Þegar fylgst er með þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á:

- alhliða þroska,
- sjálfstæði,
- áhugasvið,
- þátttöku í leik úti og inni,
- félagsfærni og samkennd,
- frumkvæði og sköpunarkraft,
- tjáningu og samskipti.

Hver leikskóli á að þróa fjölbreyttar aðferðir við að safna, skrá, skipuleggja og greina upplýsingar um þroska barna, nám, vellíðan og færni og móta sérstakt vinnulag þar um. Fjalla þarf um vinnulagið í skólanámskrá, hafa það aðgengilegt þeim sem málið varðar og tengja það innra mati leikskólans eftir því sem við á.

Mikilvægt er að mat byggist á þátttöku og samvinnu leikskólakennara, annars starfsfólks leikskóla, foreldra og barna. Börn eiga að fá tækifæri til að taka þátt í að meta nám sitt, setja sér markmið og koma með tillögur að leiðum sem best er að fara. Foreldrar búa yfir mikilvægum upplýsingum og þekkingu á börnum sínum og eiga að taka þátt í mati á líðan þeirra og námi. Mat, sem unnið er í samstarfi leikskóla, foreldra og barna, stuðlar að betri skilningi og innsýn í námsferli barna, áhuga þeirra og styrkleika. Það auðveldar foreldrum að styðja við börn sín heima og eykur vitund barna um eigin getu og styrkleika og hvernig þau læra best. Mat á þannig að efla sjálfstraust og sjálfsmynd barnsins og stuðla að jafnrétti til menntunar.

### 3.1. Mat á námi barna fyrr og nú

Þegar uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili<sup>8</sup> leit dagsins ljós árið 1985 höfðu rómantíska stefnan, menningarmiðlunarstefnan og framfarastefnan mótandi áhrif á leikskólastarf á Íslandi. Lögð var áhersla á mikilvægi fyrstu æviáranna fyrir þroska mannsins og nauðsyn þess að leggja sérstaka alúð og rækt við börn á bernskuskeiði.<sup>9</sup> Yfirlit var gefið yfir þroskaskeið mannsins samkvæmt kenningum Erikson og Piaget, sem þá höfðu mest áhrif á hugmyndir manna um uppeldi ungra barna. Áttu yfirlitin að gefa góða mynd af þeim þroskaskeiðum sem talið var að börn gangi í gegnum á ákveðnum aldri. Með útgáfu aðalnámskrár leikskóla árið 1999<sup>10</sup> var enn lögð áhersla á alhliða þroska barnsins og honum skipt í eftirfarandi afmarkaða þroskaþætti; líkams- og hreyfiþroska, tilfinningaþroska, vitsmunarþroska, málþroska, félagsþroska og félagsvitund, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund en þættirnir ekki tilgreindir nánar. Leikskólum var gert að hlúa að þessum þroskaþáttum, efla þá og örva samspil þeirra og talið var að námsgengi barnsins byggðist á jafnvægi milli þessara þroskaþátta.

Markmiðið með mati á þroska barna samkvæmt uppeldisáætlun leikskóla<sup>11</sup> var að athuga hvort framfarir þeirra væru í samræmi við það sem talið var „eðlilegt“ miðað við jafnaldra. Oft voru gerð aldurssamsvarandi viðmið sem leikskólakennarar studdust við þegar þeir skipulögðu starf sitt. Tilgangurinn var að móta starfið til að

<sup>8</sup> Menntamálaráðuneytið, 1985, 1993.

<sup>9</sup> Menntamálaráðuneytið, 1985:17.

<sup>10</sup> Menntamálaráðuneytið, 1999.

<sup>11</sup> Menntamálaráðuneytið, 1985, 1993.

mæta þörfum barnanna betur. Aldurssamsvarandi viðmið í þroska barnanna höfðu í för með sér ákveðna starfshætti eins og að prófa afmarkaða færniþætti á ákveðnum tímum (t.d. hreyfiþroska eða málþroska) og fylla út í lista hvort barnið hafi náð þeim þætti eða ekki. Talið var að um frávík frá eðlilegum þroska væri að ræða ef barn hafði ekki náð afmarkaðri færni á tilteknum tíma miðað við jafnaldra þess og fyrirframgefin viðmið um línulegan þroska. Listarnir voru síðan gjarnan ræddir við foreldra í viðtölum. Undirliggjandi viðhorf voru að hvert barn ætti að þroskast á ákveðinn hátt innan ákveðins tímaramma og að mikilvægt væri að finna frávík frá þeim ramma til að þjálfra sérstaklega. Leitað var sérstaklega eftir veikleikum í þroska og framförum barna og þeir þjálfaðir.

Í dag eru viðhorfin önnur. Talið er að börn taki framförum á ólíkum hraða og á ólíkan hátt og er litið á margbreytileika barnahópa sem styrkleika. Fylgst er með áhugasviði hvers barns, getu, styrkleikum og hæfni og nám þeirra staðfest og skráð um leið og bakgrunnur þeirra, áhugi og margbreytileiki endurspeglast í umhverfi leikskólans, efnivið og aðferðum.<sup>12</sup> Nám og framfarir barns er ekki borið saman við önnur börn eða fyrirfram gefin viðmið. Sú aðferð sem stuðst er við í mati á námi og velferð skiptir máli og endurspeglar undirliggjandi viðhorf hinna fullorðnu til barna. Kennarar og annað starfsfólk þarf að velja á gagnrýninn hátt þær aðferðir sem notaðar eru í leikskólanum, vita hvers vegna viðkomandi aðferð er valin og hvaða lærdóm börn, foreldrar og starfsfólk dregur af matsferlinu. Ferlið á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans og fela í sér skipulagningu, skráningu, mati og ígrundun á námi, þroska og velferð barna. Matið á að vera úrbótamiðað og felast úrbæturnar í því að aðlaga námsumhverfið og kennsluaðferðir að þörfum barnsins, en ekki barnið að þörfum skólans. Ávallt er það sjónarmið haft að leiðarljósi að barnið er hæfileikaríkt og að leitast skuli við að hæfileikar þess fái að njóta sín í leikskólanum.

## 3.2. Hugmyndafræðilegur grunnur


Markmið mats á námi og velferð barna samkvæmt aðalnámskrá leikskóla<sup>13</sup> er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska þeirra, námi og líðan. Þegar nám barna og líðan er metin á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni.<sup>14</sup> Talið er að börn sýni getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli þess skal veita þeim námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í skólastarfinu.

Lögð er áhersla á að mat á námi barna og líðan byggist á þátttöku og samvinnu leikskólakennara, annars starfsfólks leikskóla, foreldra og barna (sjá mynd 1). Börn eiga að fá tækifæri til að taka þátt í að meta nám sitt, setja sér markmið og koma með tillögur að leiðum sem best er að fara. Foreldrar búa yfir mikilvægum upplýsingum og þekkingu á börnum sínum og eiga að taka þátt í mati á líðan þeirra og námi. Mat, sem unnið er í samstarfi leikskóla, foreldra og barna, stuðlar að betri skilningi og innsýn í námsferli barna, áhuga þeirra og styrkleika. Það auðveldar foreldrum að styðja við börn sín heima og eykur vitund barna um eigin getu og styrkleika og hvernig þau læra best. Mat á þannig að efla sjálfstraust og sjálfsmýnd barnsins og stuðla að jafnrétti til menntunar.

<sup>12</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011.

<sup>13</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011.

<sup>14</sup> Carr, 2001, 2002.



Mynd 1. Þátttakendur í mati á námi barna

Safna á upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja.<sup>15</sup> Upplýsingarnar á að nota til að styðja nám og velferð barna, við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans, fela í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna. Mikilvægt er að upplýsingasöfnunin fari fram í samvinnu við börnin.

Áhersla er á heildstætt mat á líðan og framförum barna fremur en mælingum á afmörkuðum færniþáttum. Til að koma í veg fyrir að nám barna og þroski sé skilgreint út frá of þröngum færniþáttum þarf að leggja áherslu á að meta alhliða þroska þeirra, sjálfstæði, áhugasvið og þátttöku í leik úti og inni. Einnig er mikilvægt að ekki sé litið framhjá ólíkum námshneigðum barna og þar með skilgreina og telja að þau víki frá í þroska.<sup>16</sup> Meta á félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkraft, tjáningu og samskipti barna.<sup>17</sup> Mikilvægt er að starfsfólk leikskóla missi ekki sjónar á hverju einstöku barni og hneigð þess til náms og styðjist við fagmennsku sína og þekkingu á börnum í því mati.

### 3.3. Samspil náms barna, umhverfis og kennslu

Í mati á námi og velferð ungra barna er mikilvægt að einblína á samhengi náms og aðbúnaðar barna og kennslu (sjá mynd 2). Áhersla er lögð á hvert einstakt barn og persónulega getu þess til að læra á heildstæðan, heilbrigðan og skapandi hátt. Samspil barna, leikefnis og námsumhverfis og hlutverk fullorðinna í námi barna er það sem leitast er við að skilja þegar nám barna er metið, því að ekki er hægt að skilja á milli þess sem lærir, þess sem lært er og þess umhverfis sem lært er í. Þegar nám barna í leikskóla er metið þarf því að hafa


<sup>15</sup> Carr, 2001,2002; Clark, 2005, 2010.

<sup>16</sup> Ken Robinson, 2013.

<sup>17</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011: 47.

áhuga og hneigð barns til náms í forgrunni og framlag umhverfis, færni og þekkingar í bakgrunni til að styðja við áhugasvið barnsins.<sup>18</sup>

Ekki er hægt að skilgreina nám barna sem fyrirsjáanlegan línulegan feril, frá A til B, heldur fremur sem ófyrirsjáanlegt rötarkerfi því oft getur áhugi barna beinst í óvæntar áttir.<sup>19</sup> Nám er því stöðugt samspil áhuga barna og hneigð þeirra til náms við umhverfi sitt og þau tækifæri sem þeim bjóðast til könnunar og rannsóknar.<sup>20</sup> Mikilvægt er að hafa í huga að mat á námi barna á fyrst og fremst að styðja við sjálfsvirðingu, sjálfsöryggi, sjálfræði, styrk og sjálfsímynd barna. Mat á einnig að efla barn í trú sinni á eigin getu. Með trú á eigin getu er átt við þá reynslu sem barnið fær þegar það tekst á við verkefni, t.d. að klæða sig í vettlinga; þær fyrirmyndir sem barnið sér þegar eldri börn og fullorðnir klæða sig í vettlinga; þá hvatningu sem barnið fær frá fullorðnum, öðrum börnum og umhverfinu þegar barnið klæðir sig (nær það í vettlingana sjálft og er barnið hvatt til að klæða sig sjálft?). Að lokum getur líðan barnsins eða dagsformið haft áhrif á trú þess á eigin getu.<sup>21</sup>



Mynd 2. Áhrifaþættir náms

### 3.4. Hæfni, þekking, leikni og siðferðileg viðhorf

Í leikskólastarfi er lögð áhersla á virkt nám og heildstæðan námsferil. Hugtakið hæfni er skilgreint í sameiginlegum hluta aðalnámskrár fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þar kemur m.a. fram að hugtakið hæfni felur í sér þekkingu, leikni og siðferðileg viðhorf en hæfni tekur mið af aldri og þroska barna og markmiðum menntunar hverju sinni. Þekking, leikni og siðferðileg viðhorf eru samofin hugtök í mati á námi og velferð barna.<sup>22</sup> Námshneigðir barna byggja á samspili þessara þriggja hugtaka og hjálpa þeim að viðhalda forvitni sinni og þekkingarleit. Börn þróa með sér námshneigðir með því að skoða, hlusta, gera, taka þátt í og ræða þau viðfangsefni sem fengist er við í leikskólanum. Í skólanámskrá hvers leikskóla þarf að lýsa þekkingu,

<sup>18</sup> Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Carr, 2001, 2002; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008; Lög um leikskóla nr. 90/2008.

<sup>19</sup> Clark, 2010; Dahlberg, Moss og Pence, 2007; Edwards, Gandini og Forman, 1993; Malaguzzi, 1993a, 1993b; Rinaldi, 2005, 2006.

<sup>20</sup> Robinson, 2013

<sup>21</sup> Guðrún Alda Harðardóttir og Kristján Kristjánsson, 2012.

<sup>22</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011:23.

leikni og siðferðilegu viðhorfi sem stefnt er að í skólastarfi. Leikskólar útfæra sjálfir hvernig þeir vinna með hæfnipætti í samræmi við aldur og þroska barna.

#### **3.4.1. Hæfni**

Leikskólanám á að miða að því að efla sjálfsskilning barna og hæfni þeirra til að nýta styrkleika sína og áhuga til að hafa áhrif á umhverfi sitt til góðs. Eitt mikilvægasta hlutverk skóla er talið vera að hjálpa börnum að koma auga á styrkleika sína og áhugasvið.<sup>23</sup> Sú leit er einstaklingsmiðað ferli sem byggir á þremur atriðum; í fyrsta lagi að hvert barn er einstakt bæði líkamlega og menningarlega, með tilliti til þess umhverfis sem það elst upp í og þau tækifæri sem því býðst til þroska. Í öðru lagi skapar hvert barn líf sitt með ímyndunarafli sínu, samhygð og framtíðarsýn. Þriðja atriðið byggir á þeirri hugmynd að líf barna sé gagnvirkt. Með því er átt við að börn séu opin fyrir þeim tækifærum sem verða á vegi þeirra og þau geti nýtt sér þau og kannað þá möguleika sem lífið býður upp á. Því þarf að leggja áherslu á að börn öðlast jákvæða sjálfsmynd, trú á eigin getu til að takast á við lífið, geti sótt sér þekkingu og öðlast leikni í að nýta hana á uppbyggilegan hátt með hag heildarinnar í huga. Það er gert með því að sjá til þess að skólinn sé örvandi námsumhverfi, að fengist sé við samþætt verkefni og að jákvæð samskipti ríki í skólanum sem byggja á virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti.

#### **3.4.2. Þekking**

Sú þekking sem talið er að börn í leikskólum eigi að geta öðlast byggir á því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Leikur er helsta námsleið ungra barna og eiga leikskólakennarar að styðja við nám barna í leik, búa þeim fjölbreytt og hvetjandi leikumhverfi og samþætt skapandi leikskólastarf. Þekking leikskólabarna byggir á alhliða þroska þeirra, sjálfstæði, áhugasviði, þátttöku þeirra í leik úti og inni, félagsfærni þeirra frumkvæði og samkennd ásamt tjáningu og samskiptum.

Mat á hæfni barna byggir annars vegar á þroska og framförum barnsins og hins vegar á leik- og námsaðstæður sem leikskólakennarar og annað starfsfólk leikskólans hefur mótað. Matið er samstarfsverkefni kennara, foreldra og barna.

#### **3.4.3. Leikni**

Leikni felst í því hvernig börn beita þeirri þekkingu sem þau hafa öðlast í daglegu starfi leikskólans. Börn æfa leikni sína meðal annars með því að fást við þau viðfangsefni sem tilgreind eru á námssviðum í aðalnámskrá leikskóla. Náms sviðin eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskóla og taka mið af sex grunnþáttum menntunar.<sup>24</sup> Þau byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum. Í námsskránni er markmiðum og áherslupáttum hvers námssviðs lýst en leikskólum er í sjálfsveld sett hvaða leiðir þeir fara til að ná þeim markmiðum.

#### **3.4.4. Siðferðileg viðhorf**

Þau leiðarljós sem fram koma í aðalnámskrá leikskóla<sup>25</sup> eiga að vísa veginn í mótun leikskólastarfsins. Leiðarljósinn byggja á faglegri þekkingu og siðferðilegu viðhorfi til barna. Í leiðarljósunum felst meðal annars

<sup>23</sup> Ken Robinson, 2013.

<sup>24</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011:41

<sup>25</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011:33.

krafan um að í leikskóla eigi að stuðla að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmynd með því að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings. Einnig að börn eigi að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist. Leikskólakennarar og annað starfsfólk leikskóla, í samráði við foreldra og börn, þarf að koma sér saman um hvernig starf leikskólans tekur mið af leiðarljósum og skrá aðferðir og leiðir í skólanámskrá. Það á einnig við um þær matsaðferðir sem notaðar eru. Virðing fyrir barninu, val á stað og stund til skráningar, virk þátttaka barnsins í skráningarferlinu og geymsla á sögum og skráningum eru siðferðileg álitamál sem ræða þarf í starfsmannahópnum.

## 4. MAT Á NÁMI BARNNA

Eitt helsta hlutverk leikskólakennara og annars starfsfólks er að fylgjast með þroska barna, vellíðan og námi. Það gera þeir með fagmennsku að leiðarljósi með það í huga að börn eru margvísleg og þroskast hver á sínum hraða og á sinn hátt. Í fagmennsku leikskólakennara felst siðferðileg skylda þeirra að gera það sem þeir telja viðkomandi barni fyrir bestu.

### 4.1.1. Að fylgjast með námi barna

<b>Þegar fylgst er með þekkingarleit, námi og velferð barna<sup>26</sup> er lögð áhersla á:</b>	<b>Þær upplýsingar eiga að leiða til skoðunar á eftirfarandi þáttum í starfi skólans:</b>
Alhliða þroska barnsins og þá þekkingu sem það öðlast þegar það fæst við fjölbreytt viðfangsefni í daglegu starfi leikskólans.	Framboð leikskólans af fjölbreyttum viðfangsefnum og stuðning við nám barnsins.
Sjálfstæði barnsins og þá þekkingu sem það öðlast þegar það sýnir sjálfstæði í daglegu starfi, segir skoðun sína og hefur áhrif.	Viðleitni starfsfólks leikskólans til að leita eftir sjónarmiðum barnsins, hlusta og að láta skoðanir barnsins hafa áhrif á starfsemina.
Áhugasvið barnsins og þá þekkingu sem það öðlast þegar það finnur farveg fyrir áhugasvið sín og fær að njóta sín.	Viðleitni starfsfólks leikskólans til að bera virðingu fyrir margbreytileika barna, ólíkri þekkingu og menningu sem og ólíkum áhugasviðum.
Þátttöku barnsins í leik úti og inni og þeirri þekkingu sem það öðlast í þátttöku í starfi leikskólans bæði úti og inni.	Möguleika leikskólans og viðleitni starfsfólks til að bjóða barninu þátttöku í leik og aðstoð og styðja á markvissan hátt við það sem talið er að gagnist barninu.

<sup>26</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011:47.

Félagsfærni og samkennd barnsins og þá þekkingu sem það öðlast þegar það tengist öðrum börnum og starfsfólki, setur sig í spor þeirra og sýnir samhygð og umhyggju.	Áherslu starfsfólks leikskólans á að vera góðar fyrirmyndir, góð samskipti og umræður um líðan og tilfinningar.
Frumkvæði og sköpunarkraft barnsins og hvernig það sýnir frumkvæði og finnur sköpunarkrafti sínum farveg.	Viðleitni starfsfólks leikskólans til að koma til móts við þarfir fjölbreytts barnahóps til könnunar og sköpunar.
Tjáningu og samskipti barnsins og þekkingu og hæfni þess til að tjá sig á fjölbreyttan hátt og að eiga samskipti við önnur börn og fullorðna.	Daglega möguleika barna í leikskólanum til að tjá sig með ólíkum hætti og ræða saman. Tillit er tekið til þess að börn tjá sig með hreyfingu og aðgerðum.

#### 4.1.2. Til umhugsunar fyrir leikskólakennara

Hér eru sett fram nokkur atriði til umhugsunar fyrir leikskólakennara og annað starfsfólk um hvort börnin fái þá reynslu, þekkingu og leikni í leikskólanum sem ætlast er til samkvæmt markmiðum námssviða aðalnámskrá leikskóla<sup>27</sup>

Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
Nota börnin fjölbreyttan tjáningarmáta?	Líður börnunum vel í leikskólanum?	Velta börnin fyrir sér náttúrunni, auðlindum hennar og fyrirbærum?	Geta börnin gleymt sér í sköpun og upplifað flæði?
Hvernig hafa börn samskipti við önnur börn án munnlegrar tjáningar?	Sinna börnin persónulegri umhirðu í samræmi við aldur og þroska?	Skoða börnin eiginleika ýmissa efna og hluta?	Upplifa börnin myndlist, tónlist, söng, dans og leikræna tjáningu?
Nota tvítýngd börn móðurmál sitt?	Taka börnin þátt í hreyfileikjum?	Skoða börnin rými, fjarlægðir og áttir?	Skapa börnin eigin list og menningu?
Taka börnin þátt í umræðum um efni sem lesið er fyrir þau?	Eru matarvenjur barnanna í samræmi við aldur og þroska þeirra?		
Taka börnin þátt í umræðum um ýmis málefni sem rædd eru í barnahópnum?			

<sup>27</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011:41.

## 4.2. Atriði sem huga þarf að við mat á námi barna

### 4.2.1. Virðing fyrir barninu

Leikskólakennarar þurfa að nálgast börn með virðingu og ganga úr skugga um að skráning á námi þeirra fari fram með þátttöku, gleði, forvitni og áhuga barnanna. Viðhorf kennarans á að endurspeglar virðingu fyrir barninu, styrkleikum þess, getu og hæfni. Með umræðu um skráninguna er hægt að velta fyrir sér valdatengslum barna og fullorðinna í leikskólanum og hvaða svigrúm barnið fær til sjálfræðis í leikskólanum.<sup>28</sup> Kennurum og öðru starfsfólki þarf að gefast svigrúm og tími til að læra að skrá og fóta sig áfram í því að byggja upp lærdómssamfélag í kringum skráninguna í leikskólanum.

### 4.2.2. Að velja stund og stað

Það eru ekki til neinir mælikvarðar á hvenær og hvar er heppilegt að skrá. Hver skráning felur í sér val á því hvað er skráð og hvernig, hvaða sjónarhóll er valinn, hvaða barn/börn eru í hópnum og hvaða gjörð og hugsun. Það er margt sem á sér stað á hverri stund og því er æskilegt að afmarka skráninguna við ákveðin atriði. Hægt er að afmarka skráningu t.d. með því að skrá tiltekna leikstund, útiveru, matartíma eða skráningu á einni samverustund. Skráning er aldrei hlutlaus að því leyti að kennarinn velur hvaða atriði hann birtir mynd af og hvernig hann birtir hana. Leikskólakennarar þurfa að vara sig á því að mat á námi barna getur orðið að eftirliti og stjórnun í stað stuðnings við nám barnanna, þar sem leikskólakennarinn hnýsist í einkalíf þeirra. Eftir því sem aðferðum við skráningu á námi barna fjölgar getur innrás í einkalíf þeirra orðið meiri. Því krefst skráningin þess að hinir fullorðnu ákveði hvaða upplýsingar um nám barnanna séu til gagns og hafi tilgang.

### 4.2.3. Þátttaka barna í skráningu á námi sínu

Börn geta tekið þátt í skráningu á námi sínu á ýmsan hátt. Ein leið til að meta virkni barna í þátttöku á mati á námi sínu er að styðjast við þátttökustiga Hart.<sup>29</sup> Stiginn metur eðli þátttöku barna frá því að vera alfarið á forsendum og stjórnun hinna fullorðnu og yfir í að börnin eigi frumkvæði og hugmyndir að skráningu og vinna börnin þá sem jafningjar með fullorðnum að matinu. Gott dæmi um slíka þátttöku er þegar barn vill taka mynd af leik og leikurinn er síðan ræddur út frá hugmyndum barnsins. Þá er hlutverk leikskólakennarans að geyma myndina og skrá umræðuna.

#### Þátttökustigi Hart felur í sér eftirfarandi þrep:

1. Hinir fullorðnu stjórna skráningunni og þátttaka barnanna er á forsendum hinna fullorðnu.
2. Börn taka þátt til málamynda en leggja ekkert til málanna og vita ekki um hvað þátttaka þeirra snýst.
3. Þátttaka barna á forsendum hinna fullorðnu og börnin fá litlu ráðið.
4. Börn skilja skráninguna, hafa hlutverk í henni og vilja taka þátt.
5. Börn skilja hvað verið er að skrá, hafa hlutverk, vilja taka þátt og hlustað er á raddir þeirra.
6. Fullorðnir hafa frumkvæði af skráningu, en börnin eru virk í skráningarferlinu.
7. Börnin hafa frumkvæði að skráningu, taka ákvarðanir og stjórna skráningunni.

<sup>28</sup> Alderson, 1995; Clark, Kjærholt og Moss, 2005; Clark, McQuail og Moss, 2003.

<sup>29</sup> Hart, 1992.

8. Frumkvæði að skráningu kemur frá börnunum og hugmyndir þeirra ráða för. Börn og fullorðnir vinna saman sem jafningjar að því að meta námið sem fram kemur í skráningunni.

Þátttökustiginn getur verið gagnlegur fyrir leikskólakennara og annað starfsfólk að styðjast við þegar skráningar á námi barna eru undirbúnar, framkvæmdar og ígrundaðar.

#### 4.2.4. Geymsla á sögum og skráningum

Þegar skráningar/sögur eru gerðar safnast mikið magn ljósmynda og myndbanda, texta og myndverka eftir börnin. Margt er hægt að geyma í möppu í tölvum og í ferilmöppu hvers barns fyrir sig. Mikilvægt er að merkja gögn vel og raða svo að auðvelt sé að finna það sem leitað er að. Einnig er gott að geyma einungis hluta af gögnunum sem unnið verður með áfram. Hægt er að geyma skráningar/sögur eftir námssviðum og vinna nánar með þær með það fyrir augum að þróa starf leikskólans á viðkomandi námssviði. Það er mikilvægt fyrir starfsmannahópinn að ræða geymslu gagna og skilgreina hverjir eigi að hafa aðgang að þeim. Skráning og/eða saga á ekki að vera trúnaðargagn, hún er opin öllum sem að barninu koma og á að nýtast til umræðu um starf leikskólans, nám barnanna og í samstarfi við foreldra.<sup>30</sup> Ef áhugi er fyrir því að birta skráningu/sögu á heimasíðu eða á vegg leikskólans þarf að leita eftir skriflegu samþykki foreldra fyrir því. Skráning á vegg í hæð barnanna gefur þeim tækifæri á að túlka skráningarnar sín á milli.

#### 4.2.5. Samhengi náms, aðbúnaðar og kennslu

Að mati fræðimanna<sup>31</sup> eru nokkur atriði sem huga þarf að þegar verið er að meta nám barna, þroska þeirra og vellíðan. Hér verða talin upp nokkur þeirra:

- Börn þroskast á ólíkum hraða.  
Mikilvægt er að hafa margbreytileika mannlífsins í huga og að börn eru ólík. Það skapar óraunsæjar væntingar að reikna með því að öll börn á sama aldri hafi öðlast sömu færni.
- Einstaklingsbundinn styrkur og hæfni barna.  
Nám er í eðli sínu þekkingarleit hvers einstaklings og er þekking á hverju einstöku barni og þörfum þess hornsteinn leikskólauppeldis. Því ætti einstaklingsmiðað mat á framförum barna í hópnum að vera sá mælikvarði sem stuðst er við fremur en að mæla öll börn með sömu mælistikunni.
- Fjölbreytt samþætt verkefni.  
Börn eiga að fá möguleika á að upplifa fjölbreytt skapandi verkefni í leikskólanum. Einnig eiga verkefni leikskólans að hvetja börn öll til sjálfræðis og frumkvæðis og vera þeim merkingarbær. Hæfni og geta barna eykst þegar þau takast á við fjölbreytt samþætt verkefni sem veita þeim gleði og vellíðan. Slík verkefni veita börnum ánægjulega reynslu af námi og skóla.
- Ferlið framfar árangri.  
Markmið leikskólastarfs er að börn upplifi í upphafi skólagöngu sinnar að þau séu hæf og sterk og að

<sup>30</sup> Doverborg og Samuelsson, 2000.

<sup>31</sup> Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009, 2012; Brown, 2012; Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Carr, 2001, 2002; Clark, 2005, 2010; Dockett, 2008; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008; Lenz Taguchi, 2010; Robinson, 2013.

borin sé virðing fyrir einstaklingseinkennum þeirra. Mikilvægt er að þau upplifi að þau geti lært og tekið framförum. Nám er spennandi ævintýri sem hefur merkingu í lífi barna.

- Fagmennska leikskólakennara.  
Eitt mikilvægasta einkenni góðra fagmanna er ígrundun og gagnrýnin hugsun. Leikskólakennarar eiga að fylgjast með námi barna og skrá það með það fyrir augum að fylgjast með framförum þeirra og bæta námstækifærin í leikskólanum.
- Ólík menning og fjölbreyttar fjölskyldugerðir.  
Í leikskólastarfi er margbreytileika fagnað og litið á fjölbreyttan barna-, foreldra- og starfsmannahóp sem kost og styrkleika.

## 5. AÐFERÐIR VIÐ NÁMSMAT

Í aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á að hver leikskóli þrói fjölbreyttar aðferðir við að safna, skrá, skipuleggja og greina upplýsingar um þroska barna, nám, vellíðan og færni og móta sérstakt vinnulag þar um og skrá í skólanámskrá.<sup>32</sup>

Við val á matsaðferð getum við spurt okkur:

- Hvers vegna er verið að meta?
- Hvað á að gera við upplýsingarnar?
- Fyrir hvern er matið?

Hver leikskóli þarf að velja aðferðir til að meta nám barna sem er í samræmi við ákvæði aðalnámskrá leikskóla, stefnumótun viðkomandi sveitarfélags og samræmist stefnu leikskólans.

Mikilvægt er að skoða og kanna á gagnrýnin hátt hvaða lærdóm má draga af ólíkum aðferðum í mati á námi barna og hvaða áhrif aðferðirnar hafa á starfsaðferðir í leikskólanum. Það þarf m.a. að ganga úr skugga um að þær samrýmist þeirri hugmyndafræði sem fram kemur í gildandi aðalnámskrá. Leikskólakennarar og annað starfsfólk leikskóla ber ábyrgð á þessu. Þegar matsaðferðir eru skoðaðar þurfa kennarar og annað starfsfólk að átta sig á því að hver matsaðferð hefur í för með sér ákveðna starfshætti, ákveðin viðhorf og ákveðna starfsemi. Því þarf að spyrja sig hvaða afleiðingar matsaðferðirnar hafa annars vegar á börnin og hins vegar á leikskólastarfið? Byggja þær t.d. á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum? Stuðlar matið að því að börn þrói með sér jákvæða sjálfsmynd? Tekur það mið af áhuga barna, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu eykst og hneigð þeirra til náms eflist?<sup>33</sup>

Til að ganga úr skugga um að börn fái nám við hæfi í leikskólanum, viðeigandi stuðning leikskólakennara og annars starfsfólks við nám sitt og örvandi námsumhverfi í leik með öðrum börnum er mikilvægt að fylgjast með og skrá framfarir barnanna, einstaklingsbundna námshneigð og námsferil. Slíkt mat er hægt að nálgast með eftirfarandi atriði í huga:<sup>34</sup>

<sup>32</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011:46.

<sup>33</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011:33.

<sup>34</sup> Clark, 2005, 2010; Clark og Moss, 2001, 2005.

- nota margvíslegar aðferðir sem taka mið af fjölbreyttum tjáningarmáta barna, en ekki eingöngu því sem barnið segir með orðum. Með því er átt við að börn tjá sig á fjölbreyttan og skapandi hátt alveg frá fæðingu,
- nota tæki sem gera börnum kleift að tjá hugmyndir sínar og tilfinningar á táknrænan hátt, til dæmis teikningar, myndverk og ljósmyndir,
- gera ráð fyrir að börn séu sérfræðingar í eigin lífi. Slíkt getur aukið skilning fullorðinna á lífi barna og gefið þeim möguleika á því að skoða heiminn út frá sjónarhorni barnanna sjálfra,
- starfsfólk, foreldrar og börn ræði og ígrundi merkingu þess sem börnin segja. Með því er verið að sýna fram á virka hlustun,
- sýna sveigjanleika í mati svo hægt sé að aðlaga matsaðferðir að hverjum leikskóla fyrir sig. Þetta á ekki einungis við um aðferðir heldur fremur um raunverulega, virka hlustun og ferlið sem hún felur í sér,
- leggja áherslu á lífsreynslu barna og kanna viðhorf þeirra til hversdagslegra hluta í umhverfinu með áherslu á börn sem virka þátttakendur í starfi leikskólans fremur en neytendur eða nemendur og þjónustupega,
- samþætta mat á námi barna að starfinu sjálfu. Þá er átt við að hlustun verði stöðug samræða barna og fullorðinna, eitthvað meira en einstaka samráð.

Með þessi atriði í huga er brotum af lýsingum á námi barna safnað saman. Hvert brot gefur leikskólakennurum og foreldrum færi á að kynnast viðhorfum barnanna og reynslu þeirra af námi sínu og lífinu á leikskólanum. Leikskólakennarar og foreldrar hafa tvö meginhlutverk: þeir ígrunda hvernig þeir halda að lífið sé á leikskólanum og þeir hlusta á viðhorf barnanna. Sýn foreldra á hvernig barnið þeirra upplifir og lítur á leikskólann sinn getur verið mynd sem fyllir í eyður, sérstaklega þegar um ung börn er að ræða eða börn sem ekki tjá sig á íslensku. Í foreldrasamtölum er hægt að spyrja hvernig foreldrarnir telji að barni sínu líði á leikskólanum, hvernig góður dagur þar sé eða slæmur. Viðhorf leikskólakennara og annars starfsfólks eru ekki síður mikilvæg. Síðan eru sjónarmið og viðhorf allra sem að matinu koma safnað saman til að öðlast frekari skilning á námi og reynslu barnanna. Þá geta komið í ljós ólík sjónarhorn frá foreldrum, starfsfólki og börnum sem þarfnast frekari umræðu til að dýpka skilning okkar á sjónarmiðum barna og lífsreynslu þeirra í leikskóla.<sup>35</sup>

## 5.1. Náms- og ferilmöppur

Í aðalnámskrá leikskóla er að finna áherslu á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu skólastarfi. Sett eru fram leiðarljós leikskólastarfs og fjallað um námssvið leikskóla. Áhersluþættir námssviðanna endurspeglar grunnþætti menntunar og þar má finna þá hæfnipætti sem börn í leikskóla eiga að fá tækifæri til að tileinka sér.<sup>36</sup> Má þar helst nefna að börn fá tækifæri til að:

- finna að þau tilheyri og líði vel,
- tjá hugsanir sínar og tilfinningar og setja sig í spor annarra,
- vera forvitin, rannsakandi og skapandi,

<sup>35</sup> Clark, 2005, 2010; Clark og Moss, 2001, 2005.

<sup>36</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011:41.

- vera virkir þátttakendur í nærsamfélaginu.

Með ofangreind markmið í huga er náms- og ferilmappa gerð fyrir hvert barn sem nær yfir þessi markmið svo að börn, fjölskyldur og starfsfólk geti hugað að því hvernig samskipti og námsumhverfið í leikskólanum styðji við markmiðin. Einnig er mikilvægt að ferlimappan gefi upplýsingar sem hjálpar starfsmönnum og foreldrum að skilja og virða hvert barn sem hæfa og sterka einstaklinga í samfélagi sem þeim er umhugað um.

Ferilmappa er safn verka barna og námsferils þeirra. Börnin taka virkan þátt í að safna gögnum í þessar möppur og fjalla um þau. Fjölbreyttar leiðir eru við gerð og utanumhald ferilmöppu en tilgangur hennar er að efla ígrundun og mat á námi og þroska barns en einnig að gefa upplýsingar um framfarir þess og líðan. Mikilvægur liður í gerð ferlimöppu er ígrundun og mat á framförum barnsins í samvinnu starfsfólks, barnsins og fjölskyldu þess. Ferilmappa getur sagt sögu barnsins, hvað það getur og kann. Hún gefur einnig upplýsingar um áhugasvið þess, kunnáttu og hæfni.

### **5.1.1. Ferilmappan þarf að sýna:**

- Vellíðan  
Mikilvægt er að barnið sé öruggt, heilbrigt og að borin sé virðing fyrir því sem einstaklingi. Næring þarf að vera holl, næg hvíld og hreyfing og fjölbreytt val af viðfangsefnum í boði. Þá er hægt að sjá að barninu líði vel, það unni sér glatt yfir daginn og er í tilfinningalegu jafnvægi. Barnið fær að tjá líðan sína og skoðanir og að hafa áhrif.
- Að tilheyra
- Barn á að upplifa tengsl leikskólans við fjölskyldu sína og að það tilheyri samfélaginu. Barn á að vita að það eigi ákveðinn sess í leikskólanum. Það á að upplifa öryggi í daglegu lífi og skipulagi leikskólans, hátíðum og hefðum. Barnið fær að taka þátt, veit til hvers er ætlast af því og finnur að það eru viðurkennt eins og það er.
- Samskipti
- Listsköpun, kubbaleikur, leikur með leir, teikning og hlutverkaleikur eru meðal fjölbreyttra tjáningarleiða barnsins og veitir sköpunarþörf þess farveg. Í leik er hægt að sjá þegar barnið vinnur með hugmyndir sínar og reynslu og hvernig það dýpkar skilning sinn á veröldinni og tengir nýja reynslu við fyrri reynslu. Kennarar og annað starfsfólk þarf að gefa gaum að samskiptum sínum við barnið og samskiptum barnsins við börn og fullorðna.
- Forvitni
- Þegar barnið kannar nýja hluti, rannsakar nýjar aðstæður og reynir á sig styrkir það sjálfsmynd sína og skilning á sjálfu sér sem getumiklum, hæfum einstaklingi og virkum þátttakanda í leikskólanum. Mikilvægt er að kennarar og annað starfsfólk gefi barninu tækifæri á að reyna á sig félagslega, tilfinningalega og líkamlega.
- Þátttöku í nærsamfélagi
- Það er afar mikilvægt fyrir barn að eignast vini og að sjá sig sem hluta af samfélaginu. Til að semja við aðra þarf barnið að læra að sjá um þarfir sínar en á sama tíma að vinna með öðrum. Vinátta gefur

barninu dýrmætar upplifanir jafnt sem áskoranir. Barnið þarf að læra að skilja mikilvægi samvinnu, að leysa úr ágreiningi og huga að eigin velferð, velferð annarra og samfélagsins í heild.

- Framfarir í þroska barnsins.

### 5.1.2. Huga þarf að ýmsum þáttum í þroska barna

#### Líkams- og hreyfiþroski

- líkamleg umönnun
- heilsa barns og hreinlæti
- sjálfbjarga í daglegum athöfnum
- hreyfiþroski og hreyfigeta
- samhæfing hreyfinga
- vellíðan og öryggi

#### Tilfinningaþroski

- að bera virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum
- sjálfstraust barns og trú á eigin getu
- tjáir tilfinningar sínar, reiði, ótta, gleði og sorg

#### Vitsmunaproski

- athyglisgáfur barns, hugsun, minni og einbeitingarhæfni
- tjáning og hugtakaskilningur
- gagnrýnin hugsun

#### Málþroski

- orðaforði
- tjáir sig: segir frá, ræðir við aðra

#### Félagsþroski og félagsvitund

- traust og hlý samskipti við önnur börn
- samskipti barns við fólk á mismunandi aldri
- leysir deilur á farsælan hátt
- sýnir öðrum virðingu og umburðarlyndi
- virðir skoðanir annarra

#### Siðgæðisþroski og siðgæðisvitund

- sýnir umhyggju og umburðarlyndi
- skilningur á að óbilgirni og ofbeldi leysir engan vanda
- sýnir hjálpssemi og ábyrgðarkenndar gagnvart mönnum og málleysingjum
- ber virðingu fyrir öðru fólki óháð trúar og lífsviðhorfum, kynþætti, uppruna, menningu eða atgervi

Ferilmappa inniheldur frásagnir, skráningu, túlkun og ígrundun á ofangreindum þáttum sem eru uppistaðan í reynslu barna í leikskólanum. Mikilvægt er að setjast niður með barninu og fjölskyldu þess a.m.k. tvisvar á ári og skoða fyrri upplifanir barnsins og bæta við ígrundun þeirra á hverjum þætti fyrir sig.

Spurningar sem vert er að hafa í huga varðandi ferilmöppur barna:

- Hvað skrifa/segja foreldrar um barnið sitt í upphafi leikskólagöngunnar?
- Er gert ráð fyrir að foreldrar taki þátt í að fylla í ferilmöppu barnsins með sögum, ljósmyndum eða öðru að heiman?
- Eru námssögurnar/skráningarnar:
  - Áhugaverðar?
  - Er barnið vel sýnilegt?
  - Er framförum barnsins í námi og þroska fagnað?

- Er ferilmappan skiljanleg?
- Sýnir ferilmappan samfellu í námi barnsins? Er vitnað í fyrri sögur/skráningar í nýrri sögu/skráningu?
- Eru dæmi um virkni barnsins í leikskólastarfinu í möppunni?
- Er ferilmappan einstaklingsmiðuð (ekki eins hjá öllum börnunum)?
- Sýna sögurnar/skráningarnar forvitni, könnun og rannsókn barnsins í daglegu starfi leikskólans?
- Eru sögur/skráningar af barninu að læra og leika sér við önnur börn?
- Eru sýnishorn af verkum barnsins með skráningu á ferli verkanna?

Skráning á upplýsingum um nám barns sem safnað er í ferilmöppu er hægt að nálgast með fjölbreyttum aðferðum. Hér verður gerð grein fyrir námssöguaðferðinni og aðferðum uppeldisfræðilegrar skráningar.

## 5.2. Námssögur

Markmið með sögugerð er að greina og meta styrkleika barna, áhuga þeirra og virkni í samvinnu við börnin sjálf.<sup>37</sup>

- Leikskólakennarar skrá stuttar sögur einstakra barna og barnahópa yfir ákveðið tímabil (stund, dag, viku, mánuði).
- Skráð eru samskipti barns við önnur börn og/eða fullorðna, verkefni þess og athafnir með útskýringum þess sem skráir.
- Sögur eru skráðar í margskonar aðstæðum og með fjölbreyttum aðferðum, svo sem mynd- og hljóðupptökum, ljósmyndum, skriflegri skráningu og verkum barna.
- Mikilvægt er að sá sem skráir ræði söguna við samstarfsfólk sitt í þeim tilgangi að læra meira um nám viðkomandi barns.
- Sagan er einnig rædd við fjölskyldu barnsins sem bætir þá við heildarmynd af barninu.
- Sagan er rædd við barnið sjálft og sjónarhorn þess fengið gagnvart sögunni og því námi sem hún sýnir.
- Sjónarhorni samstarfsfólks, fjölskyldunnar og barnsins er að lokum bætt við söguna. Sögunum er síðan safnað saman í ferilmöppu barnsins.

Þegar sögur eru skráðar er lögð áhersla á félagslega og tilfinningalega þætti þar sem vellíðan barna og hneigð til náms er metin.<sup>38</sup> Vellíðan barns tengist sjálfsmynd þess, hvort það hefur trú á eigin getu og hvernig það tekst á við ný viðfangsefni.<sup>39</sup> Hún birtist í viðhorfi og áhuga barnsins þegar það leitast við að bæta eigin hæfni og þekkingu. Hneigð barnsins til náms birtist í áhuga þess á viðfangsefnum og viðbrögðum við aðstæðum.<sup>40</sup> Hún vísar einnig til virkni barnsins og hvernig það tekst á við erfiðleika og/eða óryggi, hvernig það tjáir hugmyndir sínar og tilfinningar og hvernig það tekur ábyrgð á því sem gerist, til dæmis í leik og samskiptum.

<sup>37</sup> Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; . Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008.

<sup>38</sup> Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Carr, 2001, 2002; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008.

<sup>39</sup> Carr, 2001, 2002.

<sup>40</sup> Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2012; Carr, 2001, 2002; Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008

### 5.2.1. Svona er námssaga samín:

- Hvað gerðist?
- Leikskólakennarinn lýsir því sem fyrir augu ber og tekur ljósmyndir/ myndband eða skráir atburðinn. Sagan fjallar um eitthvað sem barnið gerir eða getur, hvernig samskipti það hefur við aðra og hvernig það tekst á við viðfangsefni. Skráðir eru styrkleikar barnsins og hæfni og á hvern hátt hneigð þess til náms birtist í samskiptum og athöfnum.
- Hvaða nám fer fram?
- Sagan er rædd og ígrunduð með samstarfsfólki, fjölskyldu barnsins og barninu sjálfu og þeirra sjónarhóll fengin á söguna og það sem var að gerast. Nám barnsins er greint, framfarir þess og líðan.
- Hvaða tækifæri felast í sögunni til frekara náms?
- Ákveðið er hvernig sagan nýtist til að styðja við nám viðkomandi barns og áhugasvið. Þá er átt við samspil námsumhverfis, hlutverk kennarans og aðkomu barnahópsins að námi barnsins.

### 5.2.2. Skráning á sögu um nám barns fer fram á eftirfarandi hátt:

- Gott er að hefja skráningu á því sem barn hefur frumkvæði að og sem vekur fyrst áhuga kennarans. Sagan er skrifuð út frá kennaranum sem skráir hana en hann talar í fyrstu persónu t.d. „ég sá Óla fara í kubbakrök og byrja að byggja turn“.
- Síðan er sagt frá því sem barnið gerir og segir og því lýst frá sjónarhóli kennarans sem skráir söguna, með umhyggju fyrir barninu og virkri hlustun. Sagan getur ekki verið hlutlaus og því þarf sá sem skráir að vera meðvitaður um val sitt og áhrif á frásögnina.
- Næst gerir kennarinn grein fyrir „hvað þetta þýðir“ og skrifar um gildi þess sem hann sá. Þennan hluta námssögunnar er oft gott að skrifa með hjálp og í umræðum við samstarfsfólk. Hægt er að gera grein fyrir mörgum sjónarhornum hér. Þegar sagan er sögð foreldrum barnsins og barninu sjálfu bætist við merkingu hennar og er sú viðbót einnig skrifuð niður.
- Síðan er önnur viðbót gerð við söguna sem hægt er að nefna „tækifæri og möguleikar“ en hún felst í lýsingu á því hvað hinir fullorðnu geta gert til að styðja við nám barnsins í framtíðinni. Er hér átt við lærdóminn sem felst í sögunni, hinir fullorðnu læra af barninu og barnið lærir með aðstoð frá hinum fullorðnu. Þannig verður leikskólinn „skóli sem lærir“ og þróar starfsemi sína.
- Að lokum er gefið rými fyrir fjölskyldu barnsins til að bregðast við sögunni. Sumir eiga auðvelt með þennan hluta, en aðrir þurfa aðstoð við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Það getur kennarinn gert með því að spyrja: Hvað sérð þú skemmtilegt við þessa sögu? Hvernig getum við haldið áfram að styrkja barnið?
- Hvað heitir sagan? Hafa ekki allar góðar sögur heiti?

Sýnishorn af námssögu er í viðauka, en það skal tekið fram að það er engin ein rétt leið til að skrá sögu um nám barna.

### 5.3. Uppeldisfræðileg skráning

Uppeldisfræðileg skráning er aðferð sem tengist vel áherslum aðalnámskrár leikskóla á leik sem meginnámsleið barna og á lýðræðislegt leikskólastarf sem hefur jafnrétti að leiðarljósi. Hún gefst vel þegar leikskólustarfsemi er skoðuð og skilin án fyrirframgefna hugmynda og viðmiða.<sup>41</sup> Uppeldisfræðileg skráning er samstarfsverkefni starfsfólks sem nálgast nám barna með opnum huga. Leikskólakennarar og annað starfsfólk lærir og leitar að þekkingu í samvinnu við börnin. Með því að nota uppeldisfræðilega skráningu við mat á námi barna og framförum er verið að virða margbreytileika mannlífsins og leggja áherslu á persónueinkenni hvers barns, hvernig það hugsar og framkvæmir. Sköpun og ímyndun barnsins eru hornsteinar í slíkri könnun.

Þegar áhugi barnanna ræður för í þekkingarleit þeirra er ekki þar með sagt að aðalnámskrá og skólanámskrá sé ekki fylgt. Hver leikskóli, barnahópur og barn ákveður hvaða leið er farin að þeim markmiðum sem sett eru fram. Þó að áhugasvið barnsins ráði för, þá er hlutverk kennara og umhverfis ekki síður mikilvægt. Kennarinn tekur þátt í þekkingarleit barnsins, styður við hana og sér til þess að það hafi þann efnivið og leikefni til könnunar sem það þarfnast til að læra.

Skráningin felst í því að hlusta á raddir barnanna, lýsa því sem gerist í leik og starfi þeirra um leið og ferlið í leiknum, könnun þeirra og áhugasvið er fangað með ljósmyndum, skrifum og myndböndum. Þegar búið er að skrá, þá sér leikskólakennarinn til þess að börnin taki þátt í skráningunni og ígrundun og umræðum um hana. Skráningin er borin undir börnin og rætt um upplifun þeirra á því sem fram fór og hvernig reynsla þeirra var af skráðri stund. Í þeirri umræðu þarf að varast að yfirheyra börnin heldur nota opnar spurningar og hvetja til samræðu á jafningjagrunni. Á þeirri samræðu byggir kennarinn áframhaldandi nám barnanna. Gott er að velta fyrir sér eftirfarandi spurningum þegar skráning er rædd við barnahópinn:

- Hvað náðist ekki með í skráningunni?
- Hvað fannst barninu mikilvægast?
- Hvað vill barnið prófa næst?

Samstarfsfólkið tekur einnig þátt í umræðum um skráninguna, lærir meira um nám barna og þróar starfsemina út frá þeirri reynslu. Fjölskylda barnsins tekur þátt í umræðum og bætir þannig við heildarmyndina af barninu. Því er hægt að segja að umræður og ígrundun meðal barna, starfsfólks og fjölskyldu barnsins sé það sem gerir skráningu uppeldisfræðilega og sýnilega barninu sjálfu, fullorðnum í leikskólanum og heima.

- Vinnan við skráninguna snýst um það sem gerist meðal barnanna, það sem börnin eru að fást við hverju sinni, hugmyndir barnanna og tilgátur og það sem vekur áhuga þeirra í daglegri starfsemi. Félagsleg samskipti verða sýnileg, námsumhverfið og áhugi barnanna á leikefni. Einnig hvernig börnin nota rými og leiksvæði.
- Þær ljósmyndir eða myndbönd, verk barnanna og skráning kennara og annars starfsfólks á því sem börnin eru að fást við er hægt að leggja á borð eða skoða rafrænt og ræða við börnin, starfsfólkið og

---

<sup>41</sup> Lenz Taguchi, 2010.

foreldra, ígrunda og túlka. Einnig er mikilvægt að þróa leikskólastarfið og taka ákvarðanir um næstu skref í námi barnanna út frá því sem fram kemur í umræðunum um skráninguna.

- Skráningarnar geta verið gerðar sýnilegar með því að fara upp á veggj að umræðu lokinni og/eða í ferilmöppu barnsins.
- Skráningarnar eiga að nýtast bæði börnum og fullorðnum, þær eiga að vera aðgengilegar í starfseminni og vera hluti af uppeldisstarfinu. Þannig verða skráningarnar helsta þróunar- og matstæki leikskólans.

Skráning getur vakið upp spurningar meðal starfsfólks um þætti sem fram koma í aðalnámskrá og gefið tilefni til að velta upp til dæmis eftirfarandi spurningum:

- Þarf starfsmannahópurinn meiri fræðslu um hugmyndafræði (t.d. um grunnþætti menntunar eða námssvið leikskólans)?
- Þarf starfsmannahópurinn fræðslu um aðferðir í t.d. lýðræðislegum starfsháttum?
- Þarf starfsmannahópurinn leiðsögn í umræðum, ígrundun og túlkun?
- Þurfa börnin leiðbeiningar t.d. í ljósmyndatöku?
- Þurfa börnin betri tengsl við t.d. náttúruna, dýr og plöntur?

Sýnishorn af uppeldisfræðilegri skráningu er í viðauka, en það skal undirstrikað að það er engin ein rétt leið til að skrá nám barna.

## 5.4. Einstaklingsnámskrá

Ef ástæða þykir til er hægt að semja einstaklingsnámskrá fyrir ákveðið barn. Einstaklingsnámskrá byggir á sömu hugmyndum og skráningar og námssögur, - að greina og meta styrkleika barnsins, áhuga þess og virkni í samvinnu við önnur börn. Hana er hægt að vinna út frá skráningu eða sögu um nám barnsins.

- Einstaklingsnámskrá er ávallt gerð í samvinnu við foreldra viðkomandi barns og barnið sjálft eftir því sem tilefni gefst til.
- Markmið eru sett og tillögur að leiðum skráðar.
- Kennarar geta hannað sína eigin gerð af einstaklingsnámskrá eftir því sem verið er að stefna að, en það auðveldar eftirfylgni með henni.
- Hafa þarf í huga að einstaklingsnámskrá sé skýr, einföld og aðgengileg þeim sem vinna með hana.

Sýnishorn af einstaklingsnámskrá er í viðauka, en það skal tekið fram að það er engin ein rétt leið til að skrá einstaklingsnámskrá.

## 5.5. Önnur matstæki

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla eiga kennarar og annað starfsfólk leikskóla að safna upplýsingum um það sem börn fást við, hverju þau hafa áhuga á, hvað þau vilja, vita, geta og skilja.<sup>42</sup> Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli þess skal veita börnum námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í skólastarfinu.<sup>43</sup> Einnig er lögð áhersla á að mat efli sjálfstraust og sjálfsmynd barnsins.

Þegar gera á mat á færni og stöðu barns eða barnahóps sem kunna að eiga í líkamlegum, sálrænum eða félagslegum vanda sem geta haft áhrif á nám koma skráningar og/eða námssögur að góðu gagni og undirstrika rétt barnsins til þess að hæfni þess sé staðfest. Skráningar nýtast einnig við greiningu á námsaðstæðum og hvernig brugðist skuli við vandanum, m.a. með því að bæta leik- og námsaðstæður barnsins og stuðning starfsfólks við nám þess.<sup>44</sup>

Matstæki eins og skimunarpróf, greiningartæki og aðrar kannanir geta varpað nánara ljósi á ákveðna færniþætti.<sup>45</sup> Notkun slíkra matstækja þarf að hafa markvissan tilgang. Niðurstöður ætti ávallt að kynna með styrkeika barnsins í fyrirrúmi og í þeim tilgangi að styðja við sjálfsvirðingu, sjálfsöryggi, sjálfræði, styrk og sjálfsímynd barnsins.

---

<sup>42</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011.

<sup>43</sup> *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*, 1989.

<sup>44</sup> Reglugerð nr. 584/2010.

<sup>45</sup> Reglugerð nr. 584/2010.

## 6. HEIMILDIR

- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2009). „Af því að við erum börn“. *Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla*. Reykjavík: Háskóli Íslands. Menntavísindasvið.
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). „Hver hlustar?“ Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75–99). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).
- Alderson, P. (1995). *Listening to children: Children, ethics and social research*. London: Barnardo's.
- Brown, B. (2012). *Daring greatly*. New York: Gotham Books.
- Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir. (2012). Skráning námssagna. Sjónarhorn barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 99–119). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).
- Carr, M. (2001). *Assessment in early childhood education: Learning stories*. London: Paul Chapman.
- Carr, M. (2002). Emerging learning narratives; A perspective from early childhood education. Í G. Wells og G. Claxton (ritstjórar), *Learning for life in the 21st century* (bls. 99–111). Oxford: Blackwell.
- Clark, A. (2005). Talking and listening to children. Í M. Dudek (ritstjóri), *Children's spaces* (bls. 1–14). Oxford: Architectural Press.
- Clark, A. (2010). Transforming children's spaces. Children's and adults' participation in designing learning environments. London: Routledge.
- Clark, A. og Moss, P. (2001). *Listening to young children*. London: National Children's Bureau and Rowntree Foundation.
- Clark, A. og Moss, P. (2005). *Spaces to play: More listening to young children using the Mosaic approach*. London: National Children's Bureau.
- Clark, A., Kjörholt, A. og Moss, P. (2005). *Beyond listening: Children's perspectives on early childhood services*. Bristol: Policy Press.
- Clark, A., McQuail, S. og Moss, P. (2003). *Exploring the field of listening to and consulting with young children*. London: Department for Education and Skills.
- Dahlberg, G., Moss, P. og Pence, A. (2007). *Beyond quality in early childhood education and care: Postmodern perspective* (2. útgáfa). London: Routledge.
- Dockett, S. (2008). Hlustað á raddir barna – Börn og rannsóknir. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 33–49). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).
- Doverborg, E. og Samuelsson, I. P. (2000). *Att förstå barns tankar*. Stockholm: Liber.

- Edwards, C., Gandini, L. og Forman, G. (1993). *The hundred languages of children: The Reggio Emilia approach to early childhood education*. Norwood, NJ: Ablex.
- Gerður Óskarsdóttir. (2012). *Skil skólastiga. Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðrún Alda Harðardóttir og Kristján Kristjánsson. (2012). Trú leikskólabarna á eigin getu: Nokkur tilbrigði við aðferðafræðilega stef úr kenningu Bandura. *Uppeldi og menntun*, 21(2), 113–138.
- Hargreaves, A. (1994). *Changing teachers, changing times: Teachers work and culture in the postmodern age*. Toronto: The Ontario Institute for Studies in Education.
- Hart, R. A. (1992). *Children's Participation: From tokenism to citizenship*. Florence, Italy: UNICEF.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2007). *Lítill börn með skólatöskur. Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kristín Karlsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2008). Námssögur. Styrkleikar og færni leikskólabarna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 49–71). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).
- Lenz Taguchi, H. (2010). *Going beyond the theory/practice divide in early childhood education. Introducing an intra-active pedagogy*. London: Routledge.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Malaguzzi, L. (1993a). For an education based on relationships. *Young Children*, 11(93), 9–13.
- Malaguzzi, L. (1993b). History, ideas and basic philosophy. Í C. Edwards, Gandini, L. og Forman, G. (ritstjórar), *The hundred language of children* (bls. 57–61). Norwood, NJ: Ablex.
- Menntamálaráðuneytið. (1985). *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili: Markmið og leiðir*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (1993). *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011a). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla nr. 896/2009.
- Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.
- Rinaldi, C. (2005). Documentation and assessment: What is the relationship? Í A. Clark, A.T. Kjörholt og P. Moss (ritstjórar), *Beyond listening. Children's perspectives on early childhood services* (bls. 29–49). Bristol: Policy Press.
- Rinaldi, C. (2006). *In dialog with Reggio Emilia: Listening, researching and learning*. London: Routledge.

Robinson, K. (2013). Finding your element. How to discover your talents and passions and transform your life. New York: Viking.

*Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.* (1989). Sótt 2. júlí 2013 af [http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn\\_i\\_heild/](http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild/).

Vygotsky, L. S. (1978). Mind in society. The development of higher psychological processes. Cambridge, MA: Harvard University Press.

## 7. ÍTAREFNI

Af því að við erum börn. Lýðræðislegt umræðumat á menntun og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla. Doktorsritgerð. Höfundur Anna Magnea Hreinsdóttir.

*Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.* <http://www.barnasattmali.is>

*Mín leið. Þróun persónumappa í tengslum við einstaklingsnámskrár barna.* <http://saeborg.is/images/stories/file/minleid%5B1%5D.pdf>

*Raddir barna.* Ritstjórar Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2012).

*Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi.* Ritstjórar Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2008).

*Það skapar vellíðan að þurfa ekki að keppa við tímann.* Meistaraprófsritgerð. Höfundur Sara Margrét Ólafsdóttir. (2013).

*Þetta er eins og kíkir inn í leikskólann: Ferilmappa í leikskóla.* Meistaraprófsritgerð. Höfundur Lilja Björk Ólafsdóttir. (2009).

## 8. VIÐAUKAR

### Viðauki 1 – Dæmi um innihald náms- og ferilmöppu

Söfnun upplýsinga í ferilmöppu hefst á fyrstu dögum barnsins í leikskólanum með upplýsingum um barnið frá fjölskyldu þess. Upplýsingasöfnuninni lýkur með útskrift barnsins úr leikskólanum. Gott er að hafa í huga að í ferilmöppuna safnist amk. tvær skráningar/námssögur á önn. Einnig skal miða við að samtöl eigi sér stað við fjölskyldu barnsins amk. tvisvar á ári um nám þess.

Ferilmappan á að sýna að barnið hefur fengið tækifæri til að:

- finna að það tilheyri og að því líði vel,
- tjá hugsanir sínar og tilfinningar og að setja sig í spor annarra,
- vera forvitið, rannsakandi og skapandi,
- vera virkur þátttakandi í nærsamfélaginu.

Rétt er að undirstrika að ferilmöppur barnanna eiga að vera einstaklingsmiðaðar og eru því ekki allar eins.

Innihald ferilmöppu getur verið:

- ✓ Myndir af barninu að heiman með frásögn foreldra af því
- ✓ Teikningar
- ✓ Myndverk
- ✓ Námssögur af barninu í ólíkum aðstæðum, svo sem í frjálsum leik, útiveru, samverustund, í matartíma, í hvíld og í skipulögðu starfi
- ✓ Uppeldislegar skráningar af barninu í ólíkum aðstæðum, svo sem í frjálsum leik, útiveru, samverustund, í matartíma, í hvíld og í skipulögðu starfi
- ✓ Tilvitnanir í það sem barnið segir í daglegu starfi sem lýsa hugsun þess, könnun og rannsókn
- ✓ Dæmi um hæfni barnsins á námssviðum leikskólans
- ✓ Dæmi um umhyggju barnsins fyrir öðrum
- ✓ Dæmi um virkni barnsins í nærsamfélaginu
- ✓ Dæmi um forvitni barnsins og sköpun

Hver leikskóli á að þróa fjölbreyttar aðferðir við að safna, skrá, skipuleggja og greina upplýsingar um þroska barna, nám, vellíðan og færni og móta sérstakt vinnulag þar um. Fjalla þarf um vinnulagið í skólanámskrá, hafa það aðgengilegt þeim sem málið varðar og tengja það innra mati leikskólans eftir því sem við á.<sup>46</sup>

---

<sup>46</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012:47.

## Viðauki 2 – Dæmi um námssöguskráningu (án mynda)

Markmið með þátttöku	Hneigðir til náms – hvað geta börn og gera?	Sigrún í leik eftir lestrarsamveru með fimm barna hópi þar sem bókin <i>Sagan af skessunni sem leiddist</i> var lesin. Sagan fjallar um einmanaleika og vináttu.
Að tilheyra	Áhugi	Sigrún tjáir sig með orðum, tóni í rödd og svipbrigðum. Í hópnum sér hún sig sem þátttakanda sem hefur eitthvað fram að færa.
Vellíðan	Virgni -innri/ytri	
Könnun	Að takast á við erfiðleika og óöryggi	Sigrún virðist hafa skilning á því hvernig fólki líður þegar það er eitt eða þegar því líður illa. Í leiknum mátar hún þann skilning í samskiptum sínum við börnin og kennarann. Hún er örugg í hópnum og tjáir skoðun sína.
Samskipti	Að tjá hugmynd eða tilfinningu	
Að leggja til	Að axla ábyrgð	Sigrún virðist gera sér grein fyrir að það sé hægt að velja sér leikfélaga eða velja að vera einn að leika sér.

**Námssaga Sigrúnar:** Sigrún segir: „sko, ef maður vill sko bara vera einn, þá á hinn bara að fara til annars.“ Þá segir Rósa: en þá er maður að skilja útundan? „Nei“ segir Sigrún „stundum vill mann vera einn og er ekki að skilja út undan af því maður er einn.“ Þegar hóptímanum lýkur halda þau áfram að leika út frá viðfangsefni tímans, eru í leik og syngja lag sem fjallar um að hoppa á dýnu. Dóra kemur að þeim og vill vera með, Rósa segir nei og þá fer Dóra að gráta. Sigrún verður þínu skrýtin, horfir svo skimandi í kringum sig og segir svo: „við viljum ekki leika við svona grátulega stelpu“ sem verður til þess að Dóra grætur enn meir. Kennarinn lætur sem hann viti ekkert hvað sé í gangi og segi út frá umræðunni um söguna fyrr um morguninn: „hvernig stendur á því að Dóra grætur svona mikið?“ Þá horfir Sigrúnhikandi á kennarann og segir: „ef þú hættir að gráta, þá máttu vera með og brosir.“

Sigrún er tilbúin að taka þá áhættu að tjá skoðun sína og virðist skilja að við þessar aðstæður sé það leyfilegt. Hún tekst á við vandann með því að rökræða og útskýra. Sigrún tjáir skoðanir sínar opið, er staðföst í eigin skoðunum og getur séð sjónarmið annarra.

Sigrún finnur lausn sem allir geta sæst á þegar hún hugsar sig um og tengir við umræðuefnið. Hún tekur ábyrgð á eigin skoðunum, vill að réttlætis sé Gætt, bæði fyrir eigin hönd og annarra.

## Viðauki 3 – Dæmi um uppeldisfræðilega skráningu (án mynda)

Hafa ber í huga að skráning lýsi 1) starfi leikskólans og efniviði, eða því sem gert er; 2) samskipti og viðhorfum barna og fullorðinna, eða það sem sagt er og 3) þann lærdóm sem hægt er að draga af skráningunni, annars vegar um nám barnsins og hins vegar um námsaðstæður þess (stuðning starfsfólks, umhverfis og barnahóps). Einnig ber að hafa í huga að það tekur tíma og þjálfun að skrá og þurfa leikskólakennarar og annað starfsfólk að gefa sér tíma til að læra að skrá og ræða skráningar.

### *Dálkaskráning*

Ein leið til að skrá er að styðjast við eftirfarandi dálka.

Það sem gert er:	Það sem sagt er:	Til umhugsunar:

Dálkaskráning getur nýst til að ræða það sem gert er og sagt og hvernig sú reynsla nýtist í næstu skrefum í námi barnsins/barnanna.

### *Ljósmyndir og hreyfimyndir*

Ljósmyndir og hreyfimyndir gefa góða mynd af því sem fer fram og er góður grunnur fyrir umræður um nám barnsins og framfarir.

### *Teikningar og myndverk*

Teikningar barns og önnur myndverk sýna vel hugsun barnsins, rannsókn og könnun. Þau gefa tilefni til umræðu um nám barnsins og framfarir.

### *Umræður með barninu, samstarfsfólki og fjölskyldu*

Skráning verður ekki uppeldisfræðileg fyrr en hún er rædd.

Skráning er borin undir barn eftir að hún hefur verið skráð. Ræða á við barnið um upplifun þess á því sem fram fór og hvernig reynslu barnið hefur af skráðri stund. Sú umræða gefur leikskólakennurum og öðru starfsfólki dýpri skilning á viðhorfi, þekkingu og námi barnsins.

Reglulega á að ræða við foreldra barns um það sem skráð hefur verið af námi barnsins og leik. Upplifun foreldra gefur betri heildarmynd af barninu og eykur skilning foreldra þess á styrkleikum barnsins og hneigð þess til náms.

Umræða leikskólakennara og annars starfsfólks um leik og nám barna og skráningar á því á að vera hluti af daglegu starfi skólans.

## Viðauki 4 – Dæmi um einstaklingsnámskrá

Nafn barns:

Aldur:

Deild:

Leikskólakennari:

Áhugasvið barns:

Helstu styrkleikar:

Námshneigð:

Tækifæri og reynsla sem leggja þarf áherslu á í leik:

Stuðningur umhverfis:

Stuðningur leikskólakennara og annars starfsfólks:

Stuðningur barnahóps:

Endurmat:

## Viðauki 5 – Dæmi um fjölbreyttar skráningaraðferðir

Hægt er að nota fjölmargar aðferðir til að nálgast sjónarmið barna. Val á aðferð fer eftir því hvað er verið að meta og því mikilvægt að velja aðferð sem hentar tilefninu. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum aðferðum sem geta komið að gagni. Gott er að hafa í huga að starfsfólk getur þróað aðferðir sem henta viðkomandi leikskóla. Skráningarnar eru síðan ræddar bæði við börnin, foreldra þeirra og samstarfsfólk.

### Samverustundir- spjall og samtöl

Spjall og samtöl við börn eru mikilvægur þáttur í mati á starfinu. Þá er bæði átt við óformlegt spjall og formleg samtöl um leikskólann. Á hverjum degi gefst tækifæri til að ræða þau málefni sem brenna á starfsfólki og börnum. Þegar börnin safnast saman í samverustund er hægt að ræða mörg málefni, efna til funda og atkvæðagreiðslna um ýmislegt í daglegu lífi leikskólabarna. Þá er hægt að kenna börnum að skiptast á skoðunum, láta sjónarmið sín í ljós og hlusta á sjónarmið annarra barna. Það er lærdómsríkt fyrir börnin að sjá hvernig hægt er að miðla málum, komast að sameiginlegri niðurstöðu og taka sameiginlega ábyrgð á að framfylgja henni. Í samverustundum er hægt að setja umgengisreglur deildarinnar, valkerfi og annað sem viðkemur daglegu skipulagi deildarinnar.

### Ljósmyndir

Ljósmyndun höfðar yfirleitt til barna og þeim finnst gaman að taka myndir. Þetta gefur þeim tækifæri til að tjá sig myndrænt. Börnin fá myndavél og taka myndir af því sem til umfjöllunar er. Má til dæmis biðja barnahóp að fara út á leikvöll og taka mynd af þeim svæðum sem skemmtilegust eru og þeim svæðum sem leiðinlegust eru. Þau geta deilt niðurstöðunum með starfsfólki sem fær þá innsýn í hvað það er sem skiptir þessi börn máli í útiveru.

### Skoðunarferðir

Kennari einnar deildar getur farið í heimsókn á aðra deild og beðið barnahóp þeirrar deildar að fara með sér í skoðunarferð um skólann þar sem börnin eru leiðsögumenn. Börnin segja kennaranum frá því sem fyrir augu ber og hvernig þau upplifa deildina sína og leikskólann. Þannig öðlast kennarinn innsýn í hugarheim barnanna og sérdeildina og leikskólann frá sjónarhóli þeirra.

### Teikningar

Teikningar er ein leið til að fá upplýsingar frá börnum um nám þeirra. Börn eru beðin um að teikna deildina/leikskólann sinn og síðan ræðir kennarinn við börnin um það sem þau teiknuðu.

## Viðauki 6 – Dæmi um innihald upplýsinga til grunnskóla

Leikskólakennarar og annað starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á að börn nái þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram á námssviðum leikskólans. Við lok leikskólagöngu liggja fyrir ýmsar upplýsingar um börnin. Til að tryggja að byggt sé á fyrri námi og reynslu barnanna og að grunnskólaganga þeirra verði eins og best verður á kosið, er gert ráð fyrir að tiltekna upplýsingar um hvert barn, sem nauðsynlegar eru fyrir velferð þess og þroska fylgi því í grunnskólann.<sup>47</sup> Mikilvægt er að foreldrar og börnin sjálf taki þátt í að velja þær upplýsingar sem fylgja þeim í grunnskólann.

Það er hægt að gera á eftirfarandi hátt:

- Á síðustu önn barnsins í leikskólanum eru foreldrar boðaðir á fund leikskólakennara ásamt barninu.
- Farið er yfir upplýsingar leikskólans um nám barnsins og þær upplýsingar valdar sem eiga að fylgja barninu í grunnskólann.
- Við val á upplýsingum á að hafa í huga áhugasvið barnsins, styrkleika og námshneigð þess og þau hæfniviðmið sem fram koma í kaflanum um samfellu í námi.
- Afrit er tekið af þeim gögnum sem fylgja eiga barninu í grunnskóla.
- Gengið er úr skugga um hvort barnið, fjölskylda þess eða leikskólakennari vilji að einhverjar viðbótarupplýsingar fylgi barninu og ákvörðun tekin um hverjar þær eiga að vera.
- Leikskólakennarar bera ábyrgð á því að koma upplýsingum um börnin til grunnskólakennara þess skóla sem barnið fer í.

Gera á grein fyrir markmiðum, fyrirkomulagi og uppbyggingu samstarfs og tengsla milli skólastiga í skólanámskrá hvers leikskóla.<sup>48</sup>

---

<sup>47</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011:50, 2011a:73.

<sup>48</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011:51, 2011a:73.